

Hvert fara innheimtukostnaður og dráttarvextir vegna skrópkrafna?

Síðast uppfært 26/06/2026 2:57 pm BST

Skrópgjöld eru innheimt af **Inkasso**, sem stofna kröfu á greiðandann fyrir því skrópgjaldi sem þú velur.

Upphæð kröfunnar mun vera upphæð skrópgjaldsins, að viðbættum innheimtukostnaði við kröfuna. Þessi innheimtukostnaður rennur sjálfkrafa til Inkasso þegar krafan er greidd og er þeirra þóknun fyrir sína þjónustu.

Ef krafan er ekki greidd á eindaga byrja að safnast upp dráttarvextir á kröfuna. Sú upphæð dráttarvaxta sem safnast hefur upp þegar krafan er greidd rennur öll til þín, útgefanda kröfunnar.

Gangi þér vel og ekki hika við að heyra í okkur ef að eitthverjar spurningar vakna [?](#)
